



322. fundur Afrekssjóðs ÍSÍ 15. nóvember 2024 kl. 12.00

Mætt öll á Teams:

Stjórn: Daníel Jakobsson (DJ) formaður, Þórey Edda Elísdóttir (ÞE), Guðrún Inga Sívertsen (GS), Stefán Jóhannesson (SJ), Sigrún Ámundadóttir (SÁ)

Aðrir: Kári Steinn Reynisson (KSR) sem ritaði fundargerð, Brynja Guðjónsdóttir starfsmaður Afrekssviðs.

1. Úthlutun 2025

Rædd var tilkynning ráðherra mennta- og barnamála um að í frumvarpi um fjárlög 2025 væri gert ráð fyrir 650mkr. aukningar framlags stjórnvalda til afreksmála. Ekki liggur fyrir hvort framlagið komi inni Afrekssjóð. Gert er ráð fyrir að fjárlög verði samþykkt á allra næstu dögum.

KSR kynnti fyrstu drög úthlutunar og er mat á umsóknum nánast lokið. Aðallega er verið að skoða einstaklings úthlutanir. Afrekssvið sér um þá vinnu.

Í ljósi óvissu um framlag til úthlutunar er ákveðið að bíða með úthlutun ársins 2025 í nokkra daga og athuga hvernig aukið fjármagn komi inni Afrekssjóð til úthlutunar en drög að úthlutun liggja nánast fyrir m.v. óbreytt fjármagn.

Stefnt er að næsta fundi afrekssjóðs 25. nóvember en gert ráð fyrir að stjórn sjóðsins muni koma saman og ganga frá úthlutun fyrir ef þörf krefur.

Fundi slitið kl. 12.35